

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-apríl 2010

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins 2010 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri neikvætt um 11,1 ma.kr. Tekjur reyndust 4,2 ma.kr. minni en í fyrra á meðan gjöldin jukust um 3,5 ma.kr.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-apríl 2006-2010

	Í milljónum króna				
	2006	2007	2008	2009	2010
Innheimtar tekjur	124 598	149 248	160 788	151 271	147 091
Greidd gjöld	100 458	115 320	125 208	167 742	171 241
Tekjujöfnuður	24 140	33 928	35 581	-16 471	-24 150
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-	-	-	-	-
Breyting viðskiptahreyfinga	207	-3 043	-7 202	-4 249	13 057
Handbært fé frá rekstri	24 347	30 885	28 379	-20 720	-11 093
Fjármunahreyfingar	-2 478	-29 401	-2 354	8 176	-5 313
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	21 869	1 484	26 025	-12 544	-16 406
Afborganir lána	-31 685	-32 024	- 804	-1 337	-71 988
Innanlands	-9 179	-20 915	- 700	-1 337	-71 988
Erlendis	-22 506	-11 109	- 104	-	-
Greiðslur til LSR og LH	-1 320	-1 320	-1 320	-	-
Lánsfjárfjöfnuður, brúttó	-11 136	-31 864	23 901	-13 881	-88 394
Lántökur	6 456	46 052	9 701	43 706	59 621
Innanlands	2 910	41 661	9 701	37 138	62 246
Erlendis	3 545	4 391	-	6 568	-2 626
Breyting á handbæru fé	-4 680	14 188	33 602	29 825	-28 773

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 36,0 ma.kr. í apríl og 147,2 ma.kr. samtals á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Tekjur mánaðarins voru 2,4 ma.kr. yfir áætlun fjárlaga en samantlagt frá áramótum eru tekjurnar þó 1,4 ma.kr. eða 0,9% undir áætlun. Ef horft er á skatttekjur eingöngu frá ársbyrjun er útkoman 0,1% yfir áætlun.

Skatttekjur og tryggingagjöld námu 33,3 ma.kr. í aprílmánuði og 135,3 ma.kr. samtals í janúar-apríl, sem er 3,4 ma.kr. meira en á sama tíma 2009. Staðgreiðsla á tekjuskatti og útsvari nam 47,2 ma.kr. samtals í febrúar-apríl og er það 1,6 ma.kr. meira en á sama tíma í fyrra. Þar af rann sem tekjuskattur í ríkissjóð 22,5 ma.kr miðað við 20,8 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Hér er um að ræða skil á tekjuskatti og útsvari í staðgreiðsluferfinu af launum fyrstu þriggja mánaða ársins sem eru fyrstu launamánuðirnir eftir kerfisbreytinguna um sl. áramót

Þegar tekið var upp þriggja þrepa tekjuskattskerfi.¹ Tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga hafa numið 31,5 ma.kr. á greiðslugrunni á fyrstu fjórum mánuðum ársins (af launum desember-mars). Fyrirframgreiðsla á tekjuskatti lögaðila nam 1,1 ma.kr. í apríl og 4,0 ma.kr. frá ársbyrjun. Skattur af fjármagnstekjum 1. fjórðungs ársins 2010 var á gjalddaga 20. apríl með eindaga 5. maí. Innheimtist fjármagnstekjuskattur að fjárhæð 1,2 ma.kr. í apríl og stærstur hluti þess var staðgreiðsla og því ljóst að margir greiddu skattinn tímanlega (auk inngreiðslna í staðgreiðslukerfinu innheimtast eftirstöðvar þess hluta sem ekki er staðgreiðsluskyldur). Gert hafði verið ráð fyrir því í áætlun að flestir myndu greiða skattinn í maí og er skýringin á góðri útkomu aprílmánaðar miðað við áætlun að stórum hluta fólgin í hinni stundvíslegu innheimtu fjármagnstekjuskattsins.

Tekjur ríkissjóðs janúar-apríl 2008-2010

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2008	2009	2010	2008	2009	2010
Skatttekjur og tryggingagjöld	148 094	131 963	135 345	7,0	-10,9	2,6
Skattar á tekjur og hagnað	64 877	63 187	52 697	11,1	-2,6	-16,6
Tekjuskattur einstaklinga	31 045	29 657	31 549	3,5	-4,5	6,4
Tekjuskattur lögaðila	7 842	5 400	3 966	2,1	-31,1	-26,6
Skattur af fjármagnstekjum	25 990	28 130	17 183	25,5	8,2	-38,9
Eignarskattar	2 956	1 725	1 486	-17,8	-41,6	-13,9
Skattar á vöru og þjónustu	63 859	52 157	59 246	3,7	-18,3	13,6
Virðisaukaskattur	44 959	36 915	40 746	0,7	-17,9	10,4
Vörugjöld af ökutækjum	3 962	343	359	49,4	-91,3	4,8
Vörugjöld af bensíni	2 757	3 019	3 311	-3,4	9,5	9,7
Skattar á olíu	2 494	2 161	2 157	8,0	-13,4	-0,2
Áfengisgjald og tóbaksgjald	3 579	3 845	4 423	0,9	7,4	15,0
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	6 107	5 875	8 250	8,9	-3,8	40,4
Tollar og aðflutningsgjöld	1 940	1 640	1 919	35,6	-15,5	17,0
Aðrir skattar	723	859	1 269	123,1	18,8	47,8
Tryggingagjöld	13 739	12 395	18 727	4,9	-9,8	51,1
Fjárframlög	57	140	40	-84,0	145,3	-71,4
Aðrar tekjur	10 559	20 655	11 645	10,5	95,6	-43,6
Sala eigna	2 077	305	201	-	-	-
Tekjur alls	160 788	153 062	147 231	8,0	-4,8	-3,8

Eignarskattar námu 1,5 ma.kr. í janúar-apríl og þar af voru stimpilgjöld 842 m.kr. Stimpilgjöldin námu 189 m.kr. í aprílmánuði einum, sem er heldur minna en á undanförunum mánuðum.

Innheimta skatta á vöru og þjónustu nam 59,3 ma.kr. á fyrstu fjórum mánuðum ársins sem er 13,6% nafnaukning. Myndin sýnir þróun innheimtunnar allt frá janúar 2004 (tölurnar eru

¹ Skatthlutfallið í staðgreiðslu á árinu 2009 var 37,2% (almennt þrep) og á seinni helmingi ársins var bætt við 45,2% hátekjuþrepi (37,2% + 8% á tekjur fyrir ofan ákveðin mörk). Á þessu ári eru þrepin þrjú; 37,22%, 40,12% og 46,12%.

fjögurra mánaða meðaltöl og sýna því minni sveiflur milli mánaða og skýrari leitni en ella.) Þess ber þó að gæta að hér er um að ræða aukningu innheimtunnar umfram almenna verðlagshækkun en ekki mælingu á undirliggjandi skattstofni. Hækkun vörugjalda á bensín, olíu, áfengi og tóbak, og síðast en ekki síst hækkun almenna hlutfallsins í VSK úr 24,5% í 25,5% eiga sinn þátt í því að tekjur ríkissjóðs af þessum sköttum hafa aukist.

**Raubreyting skatta á vöru og þjónustu milli ára,
m.v. 4 mánaða hlaupandi meðaltal**



Áréttað skal að myndin sýnir ekki þróun undirliggjandi skattstofna heldur tekjur ríkissjóðs á hverjum tíma (umfram almenna verðlagshækkun). Skattahækkanir hafa því áhrif á þann feril sem myndin sýnir.

Virðisaukaskattur aprílmánaðar er fyrst og fremst af sölu vöru og þjónustu á fyrstu tveimur mánuðum ársins, en einnig að hluta til af innflutningi sama tímabils, í þeim tilvikum sem heimild til frestunar greiðslu frá mars til apríl var nýtt. Reglum um greiðsludreifingu virðisaukaskatts af innflutningi var breytt um sl. áramót og er nú heimilt að dreifa greiðslum á tvo mánuði í stað þriggja áður. Það leiddi til þess að innheimtan í mars og apríl varð meiri en ella, en verður minni í maí. Nettótekjur af virðisaukaskatti voru 13,1 ma.kr. í apríl sem er meira en reiknað var með. Frá ársbyrjun hefur virðisaukaskattur skilað 40,7 ma.kr. í ríkissjóð, sem er 3,8 ma.kr. meira að krónutölu en í fyrra en 0,8% minna en almennt verðlag (VNV án húsnæðis) hefur hækkað á sama tíma. Virðisaukaskattskyld velta á fyrstu tveimur mánuðunum dróst saman um 7,6% að raungildi og álagning skattsins um 28%. Þetta er mikill samdráttur, einkum í samanburði við þá jákvæðu þróun sem ýmsir hagvísar hafa sýnt á fyrstu mánuðum ársins. Þetta kallar á sérstaka skoðun, en benda má á að velta í atvinnustarfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti hefur aukist meira en í öðrum greinum, og innskattur hefur einnig aukist hlutfallslega mikið á tímabilinu.

Fyrir utan virðisaukaskatt eru vörugjöld af bensíni og olíu, áfengi og tóbaki stærstu liðir óbeinu skattanna. Þessir skattstofnar dragast enn verulega saman en skila ríkissjóði þó meiri tekjum en á sama tíma í fyrra vegna hækkunar gjaldanna á árunum 2008-2010. Tekjurnar eru einnig talsvert minni en gert hafði verið ráð fyrir í áætlun fjárlaga fyrir fyrstu fjóra

mánuði ársins. Lauslega má áætla að bensínsala á fyrstu þremur mánuðunum hafi dregist saman um 4,1% og olíusala um 5,2% miðað við sama tímabil í fyrra. Bensínsala hefur dregist saman frá því seint á árinu 2007, þó með uppsveiflu sumarið 2009. Samdráttur olíusölu hófst ekki fyrr en á miðju ári 2008 og varð snarpari en í bensínsölu enda er olíunotkunin mikil í þeim atvinnugreinum sem harðast hafa orðið úti. Myndin sýnir þróun sölumagns, áætlað út frá mánaðarlegum skilum seljenda á sérstöku bensíngjaldi og olíugjaldi (taka ber fram að gögnin kunna að endurspeglja sölu hvers mánaðar af nokkurri ónákvæmni og hér því sýnt 3 mánaða meðaltal.) Aðlögun neytenda að minni kaupmætti og verðhækkun eldsneytis virðist ekki lokið og kann að vara enn um hríð. Tekjur af áfengisgjaldi í janúar-apríl voru 2,9 ma.kr. (14,2% meira en í fyrra) og af tóbaksgjaldi 1,5 ma.kr. (14,5% meira en í fyrra). Sala þessara vörutegunda hefur dregist mikið saman og á því tímabili sem hér er til skoðunar drógust seldir áfengislítrar saman um 9,8% og sígarettusala um 19,1% miðað við fyrra ár.

Tekjur af tryggingagjaldi eru 51% meiri en á sama tíma í fyrra. Skýring þessarar miklu aukningar er sú að hluti atvinnuþryggingagjaldsins í tryggingagjaldinu var hækkaður á miðju ári 2009 úr 0,65% í 2,21% og aftur í byrjun árs 2010, upp í 3,81%, auk þess sem ábyrgðargjald launa var hækkað úr 0,10% í 0,25% í tveimur skrefum. Skil tryggingagjalds í apríl eru að mestu vegna launa marsmánaðar og má áætla að skattstofninn hafi dregist saman um 2,8% í krónum talið í janúar-mars miðað við sama tímabil 2009. Af einstökum sköttum er tryggingagjaldið þriðji stærsti tekjustofn ríkissjóðs, á eftir virðisaukaskatti og tekjuskatti einstaklinga, á tímabilinu janúar til apríl 2010.

Aðrar tekjur ríkissjóðs (aðrar en skatttekjur og fjárframlög) námu 2,7 ma.kr. í apríl og 11,9 ma.kr. á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Einkum er hér um að ræða vaxtatekjur og tekjur af sölu vöru og þjónustu. Tekjur af þessum liðum eru undir áætlun en það skýrist að stórum hluta af sérstöku tilviki þar sem dráttur varð á greiðslu vaxtatekna.

Greidd gjöld námu 171,2 ma.kr. og jukust um 3,5 ma.kr. frá fyrra ári, eða 2,1%. Milli ára jukust vaxtagjöld ríkissjóðs um 7,2 ma.kr. Útgjöld til menntamála jukust um 1,3 ma.kr. þar sem útgjöld til Lánasjóðs íslenskra námsmanna jukust um 1,8 ma.kr. milli ára. Óregluleg útgjöld jukust um 960 milljónir króna milli ára sem útgjöld vegna ríkisábyrgða skýra að öllu leyti. Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála aukast um 771 milljón króna milli ára þar sem fjárfesting Landhelgisjóðs í varðskipi skýrir hækkunina að langstærstu leyti. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála dragast saman um 4,4 ma.kr. milli ára þar sem framkvæmdir Vegagerðarinnar skýra 2,5 ma.kr., flugvellir og flugleiðsögubjónusta 450 milljónir króna og Fjarskiptasjóður 402 milljónir. Útgjöld til menningar- íþróttar- og trúmála dragast saman um 967 milljónir króna milli ára, útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála um 857 milljónir og útgjöld til heilbrigðismála um 838 milljónir króna. Útgjöld til annarra málaflokka breytast minna en þau sem upp hafa verið talin.

Gjöld ríkissjóðs janúar-apríl 2008-2010

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2008	2009	2010	2009	2010
Almenn opinber þjónusta	17 174	34 363	41 770	100,1	21,6
Þar af vaxtagreiðslur	4 980	19 770	27 298	297,0	38,1
Varnarmál	508	507	549	-0,2	8,3
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	6 410	5 447	6 218	-15,0	14,2
Efnahags- og atvinnumál	15 255	19 621	15 219	28,6	-22,4
Umhverfisvernd	1 069	1 339	1 286	25,3	-4,0
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	174	51	213	-70,7	317,6
Heilbrigðismál	31 278	37 652	36 814	20,4	-2,2
Menningar- íþróttá- og trúmál	6 113	6 575	5 608	7,6	-14,7
Menntamál	14 745	16 504	17 776	11,9	7,7
Almannatryggingar og velferðarmál	29 087	41 854	40 997	43,9	-2,0
Óregluleg útgjöld	3 396	3 830	4 790	12,8	25,1
Gjöld alls	125 208	167 742	171 241	34,0	2,1

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs. Hreinn lánsfjárjöfnuður var neikvæður um 16,4 ma.kr. sem er 3,9 ma.kr. verri staða en á sama tíma í fyrra. Afborganir af lánum ríkissjóðs námu 72 ma.kr. og voru þær vegna innlendra skulda. Aðallega er um að ræða innlausn ríkisbréfa á gjalddaga í mars. Heildarlánsfjárpörf ríkissjóðs var því 88,4 ma.kr. Innlendar lántökur námu 62,2 ma.kr. þar sem seld voru ríkisbréf fyrir 55,3 ma.kr. og verðtryggð ríkisbréf fyrir 13 ma.kr. Stofn ríkisvixla lækkaði um 6 ma.kr. Staða ríkissjóðs í Seðlabanka lækkaði því um tæpa 28,8 ma.kr. á fyrstu fjórum mánuðum ársins.